

	<p>Marga Haagsmans kemur frá Hollandi. Hún er hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í heilbrigðisvísindum frá háskólanum í Maastricht. Marga hefur tekið þátt í nýsköpunarverkefnum og rannsóknum tengdum <i>Augeo</i> styrktarsjóðnum sem stendur að þróun og framboði netnámskeiða um misnotkun og vanrækslu barna auk heimilisofbeldis. Í erindi sínu mun Marga sérstaklega kynna verkefni sem heitir <i>Childcheck</i> og hefur verið innleitt á vegum stjórnvalda víða í Evrópu.</p>
	<p>Youri Yordanov er sérfræðingur í bráðalækningum við bráðamóttöku St Antoine sjúkrahússins í París og stundar rannsóknir við Université René Descartes - Paris 5.</p> <p>Hann birti meðal annars grein um viðbrögð heilbrigðiskerfisins við hryðjuverkunum í París í Lancet 2015 (http://www.thelancet.com/pb/assets/raw/Lancet/pdfs/S0140673615010636.pdf).</p> <p>Í erindi sínu mun Youri fjalla um árangursríkar aðferðir tengdar flæði sjúklinga á bráðamóttökum.</p>
	<p>Brynjólfur Mogensen er fyrsti prófessorinn í bráðalækningum á Íslandi. Hann hóf störf á Slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans frá því sumarið 1982 sem sérfræðingur og síðar yfirlæknir. Hann var ráðinn forstöðulæknir slysa- og bráðasviðs Sjúkrahúss Reykjavíkur og jafnframt yfirlæknir bæklunarskurðlækningadeidar frá 1994. Ráðinn sviðstjóri lækninga á slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss 2000 – 2007. Yfirlæknir á slysa- og bráðasviði frá 2007. Brynjólfur fékk stöðu sem lektor í slysalækningum við Læknadeild Háskóla Íslands 1990, varð síðan dósent í sömu grein. Frá 2003 var Brynjólfur dósent í bráðalækningum en hlaut framgang í stöðu prófessors 1. júlí 2016.</p> <p>Rannsóknir Brynjólfs hafa birst í ritrýndum greinum innanlands sem utan. Brynjólfur mun fjalla um rannsóknir tengdar slysum á norðurslóðum í erindi sínu.</p>